

Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010

Menntavísindasvið Háskóla Íslands



Grein birt 31. desember 2010

Puríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir

Þróun samkennslu staðnema og fjarnema á Menntavísindasviði Háskóla Íslands

Rannsóknar- og þróunarverkefni í deiglu

Á Menntavísindasviði Háskóla Íslands var tekin sú ákvörðun að skólaárið 2010–2011 yrði stað- og fjarnemum á námskeiðum í grunnámi kennt saman. Stefnt er að því að þetta verði meginregla en til þessa hefur stað- og fjarnemum ekki verið kennt saman nema þegar nemendur hafa verið svo fáir að námskeið hefðu annars fallið niður. Spyrja má hvort samkennsla stað- og fjarnema sé góð lausn til að mæta niðurskurði eða æskileg þróun í háskólakennslu. Hver er hugsanlegur ávinningur og hvað tapast við þessa kerfisbreytingu (kennslufræðilega, stofnanalega og fjárhagslega)? Í þessari grein er þróun samkennslu á Menntavísindasviði lýst, svo og fyrirhugaðri rannsókn á vormisseri 2011. Ætlunin er að safna gögnum meðal nemenda, kennara og stjórnenda í þeim tilgangi að nýta niðurstöðurnar til að meta þessa nýbreytni í skipulagi og stuðla að áframhaldandi þróun náms og kennslu á sviðinu.

Puríður Jóhannsdóttir er lektor og Sólveig Jakobsdóttir dósent. Þær starfa við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sólveig er jafnframt forstöðumaður Rannsóknarstofu í upplýsingatækni og miðlun við sviðið.

Co-teaching campus-based and distance students at the University of Iceland, School of Education: A research and development project in progress
A recent decision has been made in the School of Education at the University of Iceland to co-teach campus and distance learners in combined groups. This applies to undergraduate courses in the teacher education program which until 2010-2011 have been taught separately. This poses several questions from different perspectives (financial, pedagogical and organisational). This article will describe the developments which led to the decision and present a research study which will be conducted during the spring semester 2011. Data will be gathered from students, teachers, and administrators and the results will be used to evaluate this change, thus contributing to further development of teaching and learning at the School of Education.

Inngangur

Fjármálakreppan hefur leitt til mikils niðurskurðar á fjárframlögum til Háskóla Íslands. Ein leið til að bregðast við því er sú ákvörðun að steypa saman flestum fjar- og staðnám-skeiðum sem áður voru kennd aðskilin í grunnnáminu. Samkvæmt upplýsingum frá deildarforseta Kennaradeildar má gera ráð fyrir að þetta spari um það bil 10.000 stundir í launakostnaði til kennara (Anna Kristín Sigurdardóttir, munnleg heimild, 28. janúar 2010). Til að ná fram þessum sparnaði er nemendum boðið að skrá sig í kennaranám án þess að tilgreina hvort þeir vilji vera fjarnemar eða staðnemar. Þegar kemur að skráningu í námskeið eiga þeir síðan að velja hvort þeir vilji taka námskeiðið í staðnámi eða fjarnámi. Í greininni er fjallað nánar um þróun stað- og fjarnáms og síðan gerð grein fyrir rannsókn sem áætlað er að gera á vormisseri 2011. Tilgangur rannsóknarinnar er:

- Að átta sig á þróunarmöguleikum sem felast í samkennslu fyrir kennara og kennslu
- Að átta sig á þróunarmöguleikum sem felast í samkennslu fyrir nemendur og nám
- Að átta sig á þróunarmöguleikum sem felast í samkennslu fyrir háskóladeildir sem stofnanir

Bakgrunnur

Upphaf og þróun fjarkennslu

Þó að höfuðstöðvar Menntavísindasviðs Háskóla Íslands séu í Reykjavík hefur sviðinu (áður Kennaraháskóla Íslands) borið að þjóna þörf fyrir menntaða kennara í dreifðum byggðum landsins. Til að mæta þeirri þörf hefur háskólinn boðið upp á óhefðbundið form kennaramenntunar með því t.d. að bjóða upp á sveigjanlegar námsleiðir þar sem nemar hafa getað lokið formlegri kennarmentun meðfram því að starfa sem leiðbeinendur í grunnskólum (Jóhannsdóttir og Skjølmo, 2004). Snemma á tíunda áratugnum hóf grasrót-arhreyfing kennara í fámennum skólum á landsbyggðinni að frumkvæði Péturs Þorsteins-sonar á Kópaskeri að byggja upp nettengingar skóla með það fyrir augum að tengja alla skóla landsins við netið (Jónasson, 2001). Þetta þróaðist í það að verða net á landsvísu sem nefnt var Ísmennt og með tilkomu þess varð árið 1993 mögulegt að bjóða upp á fullt kennaranám með fjarnámsniði. Um var að ræða þriggja ára nám til BEd.-gráðu en í fjarnámi var gert ráð fyrir fjögurra ára námstíma. Netið var notað sem samskiptatæki nemenda og kennara á milli staðlotna þar sem nemendur og kennarar hittust. Hugmyndir um lífstíðarnám og félagslegt réttlæti hvað varðar aðgang að menntun fyrir hópa sem voru á einhvern hátt jaðarsettir, s.s. vegna búsetu, ásamt með þeim kostum sem opnuðust með tilkomu netsins stuðluðu saman að því að gera mögulegt að bjóða kennaranám í fjarnámi (Jóhannsdóttir, 2010; Mýrdal, 1994).

Fyrstu árin voru fjarnemarnir yfirleitt í kennslu sem leiðbeinendur á stöðum þar sem kennaraskortur hafði verið viðvarandi. Með þróun upplýsingatækni, sem hefur auðveldað fjar-skipti um netið, hefur í auknum mæli verið lögð áhersla á jafngildi kennaranáms í fjarnámi og staðnámi og sérstakar reglur um aðgang að fjarnámi hafa verið numdar úr gildi. Kennaranemar hafa getað sótt um fjarnám eða staðnám óháð búsetu og eins hafa þeir getað skipt frá einu formi til annars eða jafnvel lokið náminu með því að blanda saman formum og taka þá námskeið ýmist í staðnámi og fjarnámi. Í upphafi fjarnáms í Kennaraháskóla Íslands var sérstakur umsjónarmaður fjarnáms og var litið svo á að fjarnemar væru skjólstæðingar hans en slíkt var lagt af uppúr árinu 2000 og síðan hafa fjarnemar ekki notið sérstakrar þjónustu umfram aðra kennaranema. Vísbendingar eru um að þessi breyting hafi stuðlað að verulega auknu brottfalli meðal fjarnema (Sólveig Jakobsdóttir,

Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Lilja Valsdóttir, Ingibjörg B. Frímannsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir, 2008).

Þróun samkennslu

Fyrir sameiningu Háskóla Íslands og Kennaraháskóla Íslands (skólaárið 2007–2008) var innan við 5% námsframboðs (4,6%) við Háskólann í boði í fjarnámi og var undantekning-arlaust um samkennd námskeið að ræða, þ.e. að fjarnemar og staðnemar væru saman í námskeiði (Guðrún Geirsdóttir o.fl., 2007). Á hinn bóginn var á sama tíma tæpur helmingur (46%) af námskeiðum í grunnnámi Kennaraháskólans kenndur í fjarnámi (Guðrún Geirsdóttir o.fl., 2007). Flestir kennaranna í Kennaraháskólanum kenndu bæði í fjarnámi og hefðbundnu staðnámi.

Nokkrum árum áður höfðu ýmsir kennarar við Kennaraháskólann byrjað tilraunir með samkennslu þegar þeir kenndu sama námskeiðið bæði í staðnámi og fjarnámi á sama misseri. Fyrir sameiningu skólanna tveggja voru oft um 20–30 námskeið á vetri kennd þannig (um eða yfir 5% af námsframboðinu) (Guðrún Geirsdóttir o.fl., 2007) og á vormisseri 2009 var samkennsla í 19 námskeiðum í grunnnámi við Menntavísindasvið (Sigurður Jónsson, 2009).

Í almennri umræðu á Menntavísindasviði um reynslu af samkennslunni hafa komið fram bæði kostir og gallar við þetta fyrirkomulag kennslunnar:

- Kostir fyrir kennara eru minna vinnuálag þegar hægt er að nota efni sem sett hefur verið á netið fyrir báða hópana. Á móti kemur meira vinnuálag vegna flóknara skipulags, vandamál sem upp hafa komið við upptökur og ófullkomin tækni til beinna útsendinga úr kennslustundum með þátttöku fjarnema.
- Nemendum hefur þótt kostur að geta tekið námskeið sem annars hefðu ekki verið í boði vegna ónógrar þátttöku. Hins vegar finnst fjarnemum þeir stundum verða útundan þegar upptökur eru gerðar í tímum og staðnemum finnst upptökutæknin og það tillit sem taka verður til fjarnema oft truflandi. Erfitt getur verið að finna tíma ef fjarnemum er ætlað að taka þátt í kennslustundum í gegnum netið.
- Fyrir skólann sem stofnun er ódýrara að samkenna námskeið en að skipuleggja tvö aðskilin námskeið. Sumir hafa áhyggjur af að samkennsluformið bjóði heim hættu á meira brottfalli sem skólastofnunin þarf að hafa áhyggjur af. Stofnunin þarf að leggja í meiri kostnað vegna tæknilegs stuðnings og kennslufræðilegrar ráðgjafar.

Í nýlegri erlendri tilviksrannsókn, sem reyndar er mjög lítil þar sem aðeins var um að ræða eitt námskeið með tíu tölvunarfræðinimum, komu sambærileg vandamál í ljós við samkennslu fjarnema og staðnema (Bonakdarian, Whittaker og Bell, 2009). Jákvætt þótti að fjarnemarnir tóku aukinn þátt í nemendasamfélaginu og áhugi þeirra jókst þegar þeir voru hluti af samfélagi stað- og fjarnema. Bæði fjarnemar og staðnemar mátu mikils samtíma-samskipti hver við annan.

Miðað við reynslu af samkennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands hefur verið tilhneiging til að skipuleggja fámenn námskeið sem fjarnámskeið þar sem nemendur og kennarar hittast í tveimur eða þremur staðlotum í fimm eða sex daga alls. Samkvæmt nýlegri rannsókn er þetta það skipulag sem flestir fjarnemar kjósa helst (Jakobsdóttir, 2008; Sólveig Jakobsdóttir o.fl., 2008). Í þessum tilvikum er staðnemum gert að laga sig að því fyrirkomulagi sem fjarnemum finnst ákjósanlegast. Mikilvægt er að huga vel að hlutverki staðlotna og hvernig hagað er skipulagi tíma til náms og kennslu þegar nemendur hittast.

Nákvæm útfærsla samkennslunnar, s.s. hversu oft staðnemar mæta í skólann (vikulega eða í staðlotum eins og venja hefur verið í fjarnáminu), hefur ekki verið ákveðin á stofnanagrundvelli en kennarar leita leiða til að koma til móts við báða hópa eftir eðli viðfangsefna og aðstæðum, s.s. fjölda stað- og fjarnema sem skráðir eru í hvert námskeið.

Staða samkennslu á skólaárinu 2010–2011

Að frumkvæði sviðsforseta Menntavísindasviðs var á vormisseri 2010 settur á lagginnar starfshópur á vegum kennsluráðs Kennaradeildar til að undirbúa samkennslu fjarnema og staðnema í sem flestum námskeiðum skólaárið 2010–2011. Í hópnum voru fulltrúar nemenda og kennara úr Kennaradeild ásamt fulltrúum frá Rannsóknastofu í upplýsingatækni og miðlun (RANNUM) og Smiðju en hún annast tæknibúnað og ýmsa stoðþjónustu við kennara. Hópurinn stóð m.a. fyrir samráðsfundum með kennurum og námskeiðum fyrir þá vor, sumar og haust 2010. Einnig var reynt að koma á framfæri upplýsingum til nemenda um þetta breytta fyrirkomulag og haft samráð við nemendaskrá hvað það varðaði.

Fjöldi samkenndra námskeiða í grunnnámi við Kennaradeild á skólaárinu 2010–2011 (skv. upplýsingum frá nemendaskrá í október 2010) var um 93 af 109 (um 85% námskeiða). Þar af var um helmingur námskeiða (47) samkennd námskeið á haustmisseri 2010. Meðalfjöldi nemenda var 40 (frá 8–173) og meðalhluftfall fjarnema í þeim námskeiðum er að lágmarki 33% (sennilega vanmat).

Skólaárið 2010–2011 er stefnt að því að gera rannsókn til að fylgjast með og átta sig á hvað það hefur í för með sér þegar þessir nemendahópar eru sameinaðir.

Fyrirhuguð rannsókn á samkennslu

Rannsóknin verður á vegum RANNUM og unnin í samráði við kennsluráð kennaradeildar og stjórnendur Menntavísindasviðs Háskóla Íslands.

Markmið rannsókna

Markmið rannsóknarinnar verða þessi:

- Að bera kennsl á vandamál sem upp koma í samkennslu stað- og fjarnema, greina rót vandans og leita leiða til að leysa hann.
- Að bera kennsl á nýbreytni og þróun í náms- og kennsluháttum sem upp koma í samkennsluforminu og leita leiða til að þróa slíkt áfram og útbreiða það sem vel tekst til annarra námshópa.
- Að rannsaka möguleika fyrir þróun félagsneta (e. *social networking*) í menntun þegar nemendahópurinn er dreifður og sumir hittast í skólastofum en aðrir í netumhverfi.
- Að skýra samspil í þróun náms- og kennsluhátta og stofnanalegra þátta sem greiða fyrir þróun eða hindra hana.

Aðferð

Rannsóknin snýst um samkennslu stað- og fjarnema í grunnnámi í kennaradeild á Menntavísindasviði Háskóla Íslands. Við gagnaöflun og úrvinnslu verða notaðar blandaðar rannsóknaraðferðir. Fyrirhugað er að nota spurningalista og rýnihópaviðtöl til að afla upplýsinga frá bæði nemendum og kennurum um framkvæmd náms og kennslu, vandamál og tækifæri til þróunar sem upp hafa komið, svo og viðhorf beggja hópa til samkennsluformsins. Einnig er stefnt að greiningu á úrtaki námskeiðsvefja til að fá upplýsingar um notkun námsumsjónarkerfa og þróun náms og kennslu á netinu. Til að afla upplýsinga um stofnanalega þætti, s.s. breyttar reglur, þörf fyrir nýja þjónustu, verkskiptingu ráðgjafa varðandi tækni og kennsluhætti, verða skjalfest gögn skoðuð og viðtöl tekin við stjórnendur og fulltrúa þjónustustofnana á borð við Smiðju.

Þátttakendur

Þátttakendur verða væntanlega þessir:

- Kennarar á menntavísindasviði sem samkenna fjar- og staðnemum.
- Kennaranemar, bæði staðnemar og fjarnemar, sem hafa reynslu af samkennslu.
- Starfsmenn sem sinna tæknilegri og kennslufræðilegri ráðgjöf vegna samkennslu.
- Stjórnendur í kennaradeild.

Mikilvægt er að þróa rafræna spurningalista til að leggja fyrir hópa nemenda og kennara með ákveðnu millibili til að geta kortlagt þær breytingar sem eiga sér stað, skoða þróunarmöguleika og vandamál sem upp koma, svo og viðhorf nemenda og kennara til þessa kennsluforms. Við gerð spurningalistanna verður bæði gert ráð fyrir spurningum sem vinna má úr með tölfraðilegum aðferðum og opnum spurningum þar sem beita þarf aðferðum textagreiningar við úrvinnslu. Auk þess er gert ráð fyrir viðtölum við rýnihópa kennara og bæði staðnema og fjarnema. Skoðaðir verða möguleikar á að nýta sérstakt verkfæri sem þróað hefur verið í Evrópusamstarfi til að meta gæði í tæknistuddu námi með spurningalistakönnunum (*SEVAQ – Self-Evaluation of Quality in Technology-Enhanced Learning* – <http://www.sevaq-plus.preau.ccip.fr/>). RANNUM hefur verið boðið að taka þátt í samstarfi til að þróa verkfærið áfram.

Á haustmisseri 2010 er gert ráð fyrir undirbúningi rannsóknar. Á vormisseri 2011 verður spurningakönnun lögð fyrir kennara og nemendur um reynslu af haustmisseri. Önnur spurningakönnun verður lögð fyrir í lok vormisseris. Gert er ráð fyrir greiningu á úrtaki námskeiðsvefja samkvæmt alþjóðlegum staðli (*iNACOL*, 2007) sem Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir (2010) þýddu og staðfærðu fyrir úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum. Rýnihópaviðtöl verða í lok vormisseris. Úrvinnsla gagna er fyrirhuguð vor og sumar 2011.

Umræða

Háskóli Íslands er þjóðskóli og starfsemi hans þarf að taka mið af jafnrétti hvað varðar aðgang að námi við skólann. Krafa um aukinn sveigjanleika í háskólakennslu endurspeglar ólíkar þarfir fólks sem vill afla sér frekari menntunar. Fjarnám hefur verið þróað til að koma til móts við þá sem af ýmsum ástæðum eiga ekki eiga heimangengt og þá sem stunda nám meðfram vinnu. Skipulag fjarnáms hefur tekið mið af þessum hópum og könnun meðal nemenda við Kennaraháskóla Íslands fyrir sameiningu háskólanna sýndi að fjarnemar voru almennt ánægðir með fjarnámið og skipulagið á þeim tíma (Sólveig Jakobsdóttir o.fl., 2008).

Sú stefna að kenna staðnemum og fjarnemum í sama hópnum sprettur ekki af þörfum nemenda heldur á hún rætur í sparnaði og niðurskurði vegna kreppunnar. Búast mætti við að háskólar sem bjóða upp á bæði staðnám og fjarnám muni í auknum mæli sjái hag í því að samkenna stað- og fjarnemum. Þó virðist slík þróun vera lítt áberandi erlendis. Nýjar skýrslur frá Bandaríkjunum sýna að fjar- eða netkennsla á háskólastigi fer ört vaxandi, ekki síst í kjölfar fjármálakreppu (Allen og Seaman, 2010). Þar byggist framboðið á þrem kostum: fjar- eða netnámi, staðnámi eða blöndu af þessu tvennu, sem nefnt er samsett eða blandað nám (e. *blended/hybrid*). Með blönduðu eða samsettu námi er ekki átt við samkennslu stað- og fjarnema í sama hópi heldur að netið sé notað í auknum mæli sem hjálpartæki við hefðbundna kennslu, svo sem til að miðla efni og til umræðna og er þá algengast að fækka kennslustundum á móti.

Samkennsla, eins og hún birtist í stefnu Menntavísindasviðs, er líkan sem ekki virðist vel þekkt eða rannsakað. Því er mikilvægt að skoða vel hver sé hugsanlegur ávinningur og hvað tapast við þessa kerfisbreytingu. Greina þarf vandamál sem upp kunna að koma og

orsakir þeirra; skoða það sem vel gengur og leita leiða til að miðla þeirri reynslu til annarra hópa. Vonast er til að niðurstöður fyrirhugaðrar rannsóknar gagnist til að átta sig á þróunarmöguleikum sem geta falist í samkennslunni.

Heimildir

Allen, I. E. og Seaman, J. (2010). *Learning on demand: Online education in the United States, 2009*. Needham, MA: Babson Survey Research Group & The Sloan Consortium. Sótt 28. október 2010 af <http://sloanconsortium.org/publications/survey/pdf/learningondemand.pdf>

Bonakdarian, E., Whittaker, T. og Bell, D. (2009). Merging worlds: When virtual meets physical – an experiment with hybrid learning. *Journal of Computing Sciences in Colleges*, 25(1), 61–67.

Guðrún Geirsdóttir, Harpa Pálmadóttir, Rögnvaldur Ólafsson, Sólveig Jakobsdóttir, Þorvaldur Pálmason og Þuríður Jóhannsdóttir. (2007). *Mótun stefnu í fjarkennslumálum hins sameinaða háskóla – Lokaskýrsla verkefnishóps*. Reykjavík: Kennaraháskóli Íslands. Sótt 10. nóvember 2009 af http://www.hi.is/files/asset/stjornsysla/kennslusvid/kennslumidstod/071116_verkefnishopur_um_fjarnam_lokaskyrsla.pdf

Jakobsdóttir, Sólveig.(2008). The role of campus-sessions and face-to-face meetings in distance education. *European Journal of Open, Distance and E-Learning*, 2008(II). Sótt 31. maí 2009 af <http://www.eurodl.org/materials/contrib/2008/Jakobsdottir.htm>

Jóhannsdóttir, Thurídur. (2010). Deviations from the conventional: contradictions as sources of change in teacher education. Í V. Ellis, A. Edwards og P. Smagorinsky (ritstjórar), *Cultural-Historical perspectives on teacher education and development* (bls. 163–279). London: Routledge.

Jóhannsdóttir, Thurídur. og Skjelmo, Randi. (2004). Flexibility and responsibility in teacher education: Experiences and possibilities in Iceland and North Norway. Í L. Pekkala, W. Greller, A. Krylov, L. Kullerud, S. Mýrdal, O. Snellman og J. Spence (ritstjórar), *On top of it. Overcoming the challenges of ICT and distance education in the arctic*. (bls. 85–98). Rovaniemi: University of the Arctic Press and University of Lapland, Faculty of Education.

Jónasson, Jón. (2001). *On-line distance education - a feasible choice in teacher education in Iceland? Óbirt Master of Philosophy, University of Strathclyde*. Sótt 30. nóvember af <http://starfsfolk.khi.is/jonj/skrif/mphil/>

Mýrdal, Sigurjón. (1994). Teacher education on-line: What gets lost in electronic communication? *Education Media International*, 31(1), 46–52.

Sigurður Jónsson. (2009). *Staða fjarkennslu á Menntavísindasviði Háskóla Íslands*. Óbirt skýrsla. Reykjavík: Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sólveig Jakobsdóttir, Elsa Sigríður Jónsdóttir, Hanna Lilja Valsdóttir, Ingibjörg B. Frimannsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir. (2008). *Fjarnám við Kennaraháskóla Íslands: Skipulag á staðlotum og leiðir til að draga úr brottfalli* (Nr. ISBN 978-9979-793-88-5). Reykjavík: Símenntun – Rannsóknir – Ráðgjöf Kennaraháskóla Íslands. Sótt 7. nóvember 2008 af <http://www.hi.is/files/skjol/menntavisindasvid/fjarnamsskyrsla.pdf>

Sólveig Jakobsdóttir og Þuríður Jóhannsdóttir. (2010). *Úttekt á fjarkennslu í framhaldsskólum*. Reykjavík: RANNUM og SRR Háskóla Íslands. Sótt 21. desember 2010 af http://bella.mrn.stjr.is/utgafur/fjarnam_uttekt_2010.pdf

Þróun samkenndu staðnema og fjarnema á Menntavísindasviði Háskóla Íslands:
Rannsóknar- og þróunarverkefni í deiglu



Puríður Jóhannsdóttir og Sólveig Jakobsdóttir. (2010).
Þróun samkenndu staðnema og fjarnema á Menntavísindasviði Háskóla Íslands:
Rannsóknar- og þróunarverkefni í deiglu.
Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2010. Menntavísindasvið Háskóla Íslands.
Sótt af <http://netla.khi.is/menntakvika2010/alm/030.pdf>